

Scordino gegn Ítalíu

Dómur frá 29. mars 2006 – Yfirdeild

Mál nr. 36813/97

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Eignarnám. Bótafjárhæð. Afturvirkni laga.

1. Málsatvik

Mál kæranda varðar réttaráhrif laga frá árinu 2001 sem kölluð eru „Pinto“ lögin en með þeim var lögfestur sá möguleiki að höfða bótamál fyrir ítölskum dómstólum vegna óhóflegrar lengdar málsmeðferðar fyrir innlendum dómstólum. Mál kæranda gegn Ítalíu varðaði einnig kröfu til bóta vegna eignarnáms.

Kærendur, Giovanni (f. 1959), Elena (f. 1949), Maria (f. 1951) og Giuliana Scordino (f. 1953), eru ítalskir ríkisborgarar og búa á Ítalíu. Árið 1992 erfðu kærendur m.a. 1.786 fermetra jörð sem tekin hafði verið eignarnámi í mars 1983 í þeim tilgangi að skipuleggja íbúðarbyggð á henni. Árið 1992 lýstu kærendur því yfir að þau myndu halda til streitu málaferlum þeim sem arfleifendur þeirra höfðu hafið í mars 1990 en þar höfðu þeir mótmælt þeirri bótafjárhæð sem þeim var greidd vegna eignarnámsins.

Eftir setningu laga nr. 359/1992 dómkvaddi áfrýjunardómstóll matsmann og var honum falið að meta hvort fjárhæð bótanna væri í samræmi við hin nýju lög. Matsmaðurinn taldi að markaðsvirði landsins hefði, þegar eignarnámið fór fram, verið 165.755 ítalskar lírur á fermetra og að samkvæmt lögunum frá 1992 hefði fjárhæð á hvern fermetra verið 82.890 ítalskar lírur. Í dómi sínum þann 17. júlí 1996 dæmdi áfrýjunardómstóll kærendum því bætur sem námu 82.890 ítölskum lírum á fermetra. Var dómur áfrýjunardómstólsins staðfestur við áfrýjun 7. desember 1998.

Kærendur kröfðust bóta samkvæmt „Pinto“ lögunum vegna þess óhóflega tíma sem málaferli þeirra tóku. Með dómi sínum þann 1. júlí 2002 komst áfrýjunardómstóllinn að því að málsmeðferðarlengd í máli kæranda hefði verið óhófleg og dæmdi þeim samtals 2.450 evrur í miskabætur auk málskostnaðar að mati dómsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu réttindi sín samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hafa verið brotin með óhóflegum málsmeðferðartíma í máli því sem þeir höfðuðu sem og með þeirri lágu bótafjárhæð sem þeim var dæmd af ítölskum dómstólum vegna þessa. Þá töldu kærendur málsmeðferð í máli því sem þeir höfðuðu til heimtu bóta vegna eignarnáms ekki hafa verið sanngjarna. Enn fremur töldu kærendur rétt sinn samkvæmt 1. gr. 1. viðauka til þess að fá að njóta eigna sinna í friði hafa verið brotinn með þeirri bótafjárhæð sem þeim var dæmd sem og afturvirkum áhrifum laga nr. 359/1992.

Niðurstaða deildar

Niðurstaðan í dómi deildar frá 29. júlí 2004 var að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vegna óhóflega langrar málsmeðferðar og einnig að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við sáttmálans þar sem ekki væri unnt að réttlæta takmarkanir sem gerðar voru á eignarréttindum hans.

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn fjallaði í fyrstu um hvort kærandi gæti talist hafa orðið fyrir broti samningsaðila í skilningi 34. gr. sáttmálans þrátt fyrir að ítalska ríkið hefði viðurkennt brotið með dómi ítalskra dómstóla um að brotið hefði verið á rétti kæranda og með viðurkenningu bótaréttar kæranda vegna þessa. Að mati dómstólsins voru þessar aðgerðir ítalska ríkisins ekki fullnægjandi til þess að kærendur gætu ekki talist eiga rétt til kærú samkvæmt 34. gr. sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn lagði áherslu á mikilvægi þess að mál fengju málsmeðferð án tafa sem kynnu að stefna í hættu skilvirkni og trausti á dómskerfið. Dómstóllinn leit til þess að ítalskir dómstólar höfðu metið málsmeðferðartíma í máli kæranda of langan og einnig til þess að bótaréttur sá sem karendur höfðu samkvæmt „Pinto“ lögunum hafði ekki rétt hlut kæranda. Taldi dómstóllinn þetta gera brot á rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans enn alvarlega en ef karendur hefðu hlotið fullnægjandi bætur vegna hins óhóflega málsmeðferðartíma. Að mati dómstólsins var málsmeðferðartími í máli kæranda óhóflegur og brot á rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði þann hluta kærunnar sem snerti réttmæti málsmeðferðar fyrir ítölskum dómstólum tók dómstóllinn fram að áður en lögín frá 1992 tóku gildi hafði gilt sú regla að fjárhæð bóta vegna eignarnáms skyldi vera fullt markaðsvirði eignarinnar. Með setningu laganna höfðu karendur því verið sviptir töluverðum hluta bótaréttar síns. Að mati dómstólsins hafði ríkið ekki sýnt fram á að sjónarmið um ríkisfjárhag eða markmið löggjafans með lagasetningunni væru augljósir og aðkallandi almannahagsmunir sem réttlætt gátu afturvirkni laganna. Var það því mat dómstólsins að brotið hefði verið á rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 1. gr. 1. viðauka: Að mati dómstólsins var skerðing á rétti kæranda til þess að fá að njóta eigna sinna í friði í samræmi við lög og gerð í þágu almannahagsmuna. Hvað varðaði það hvort skerðingin hefði verið í samræmi við kröfur um meðalhóf komst dómstóllinn að því að sú bótafjárhæð sem karendum var dæmd hefði verið mun lægri en markaðsvirði jarðar þeirra sem sætti eignarnámi og að fjárhæð bótanna hefði ekki verið réttlætt með tilliti til sjónarmiða er tengdust almannahagsmunum. Var það því mat dómstólsins að á karendur hefði verið lögð þung og óhófleg byrði og að brotið hefði verið á rétti þeirra samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Voru karendum dæmdar 580.000 evrur í bætur, 12.400 evrur í miskabætur og 12.400 evrur í málskostnað.